



Lions Clubs International

Kæru Lionsfélagar

Heimsfaraldurinn (COVID-19) heldur áfram að hafa áhrif á starf Lions um allan heim. Eins og þú veist hefur það einnig skapað fjárhagslega erfiðleika fyrir okkur í Lions.

Til að styðja okkar kraftmikla fólk sem starfar í Lionsshreyfingunni, hefur Alþjóðastjórn einróma samþykkt aðra ályktun til stuðnings klúbbunum.

Eftirfarandi er úrdráttur úr nýju ályktuninni, sem samþykkt var af Alþjóðastjórn:

- **Stofn- og inntökugjöld falla niður** – Við höfum fellt niður öll gjöld við stofnun klúbba og inntökugjöld nýrra félaga, frá 1 janúar til 30 júní 2021.
- **Sveigjanlegar greiðslur** – Enginn klúbbur sem er skuldlaus 31. desember 2020 verður afskráður fram til 30 júní 2021 vegna síðbúinnar greiðslu. Full greiðsla þarf að berast fyrir 30 júní 2021 til að forðast afskráningu.
 - **Vinsamlegast athugið að klúbbar sem eru komnir á afskráningarlista, vegna vanskila, þann 31. desember 2020 verða áfram á honum, þar til skuldin er að fullu greidd.**
Þessir klúbbar þurfa að gera ráðstafanir um greiðslu við gjaldheimtu Lions Clubs International til að forðast afskráningu 1 mars 2021. *

Þessar viðbótarráðstafanir munu hjálpa Lionsfélögum sem eru í fjárhagserfiðleikum og veita klúbbunum okkar stuðning og hvatningu sem þeir þurfa á að halda á þessum krefjandi tímum. Í meira en öld hefur Lions tekist á við mestu áskoranir sem steðjað hafa að mannkyninu og saman munum við sigrast á þessu.

Heimurinn þarf á Lions að halda nú, meira en nokkru sinni fyrr, svo þakka þér fyrir framúrskarandi störf þín og skuldbindingar við samfélög okkar og heiminn.

Kveðja

Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti Lions

*Komi fram spurningar vegna gjaldanna, hafið samband við Lionsskrifstofuna.